

Þriðjudaginn 7. mars 1989.

Nr. 405/1988.

**Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

**Sigurjóni Hafdal Steindórssyni**

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Rán. Skilorð.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 24. nóvember 1988 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvalds til refsipýngingar. Meðákærði í héraði vildi una héraðsdómi.

Sakarefni er lýst í héraðsdómi. Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og heimfærslu brots ákærða til refsíákvæðis. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin í héraðsdómi. Í máli þessu er sannað að meðákærði í héraði var upphafsmaður að broti því sem framið var. Ákærði játaði greiðlega brot sitt. Ákærði er ungur maður og hefur aldrei áður gerst sekur um hegningarlagabrot. Samkvæmt sakavottorði hefur hann ekki síðan gerst sekur um refsivert lögprot. Þegar þetta er virt þykir mega skilorðsbinda refsinguna þannig að hún falli niður að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar eins og í dómsorði greinir.

**D ó m s o r ð:**

Ákærði, Sigurjón Hafdal Steindórsson, sæti fangelsi í sex mánuði, en fullnustu refsingar skal frestað og hún niður falla að þremur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000,00 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000,00 krónur.

### Dómur sakadóms Reykjavíkur 23. september 1988.

Ár 1988, föstudaginn 23. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Arngrími Ísberg sakadómarara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 496-497/1988: Ákærvaldið gegn X og Sigurjóni Hafdal Steindórssyni, er dómtekið var þann 22. september sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara útgefnu 30. maí sl. á hendur „X ... og Sigurjóni Hafdal Steindórssyni, Þórufelli 16, Reykjavík, fæddum í Reykjavík 21. maí 1967, fyrir eftirgreind brot á hegningarlögum:

A. *Ákærða X er einum gefið eftirfarandi að sök:*

— — —

B. *Ákærðu er báðum gefið að sök rán með því að hafa, um kl. 7 að morgni fimmtudagsins 31. mars 1988, ráðist í félagi að Gunnlaugi Gestssyni, fæddum 18. júní 1959, við skemmtistaðinn Þórscafé, Brautarholti 20, Reykjavík, í því skyni að ná af honum fé, — ákærði Sigurjón með því að taka Gunnlaug hálstaki aftan frá svo að Gunnlaugur féll á hnén og ákærði X með því að slá þá Gunnlaug hnefahögg í andlitið og taka úr veski hans 2.900,00 krónur, sem ákærðu slógu eign sinni á. Telst þetta varða við 252. gr. hegningarlaganna.*

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

— — —

Ákærði, Sigurjón Hafdal, var á árinu 1985 sektaður og sviptur ökuleyfi í 3 mánuði fyrir ölvunarakstur.

Málavextir verða nú raktir samkvæmt framburði ákærðu og vitna svo og öðrum gögnum málsins. Fylgt verður kaflaskiptingu í ákæru.

A.

— — —

B.

Aðfaranótt fimmtudagsins 31. mars sl. voru ákærðu X og Sigurjón Hafdal saman á gangi um borgina ásamt Inga Þór Magnússyni. Undir morgun

voru þeir staddir á Hlemmtorgi og gengu sem leið liggur eftir Stórholti og Brautarholti og ætluðu að gistiheimilinu að Brautarholti 22 þar sem þeir hugðust kaupa sér áfengisflösku. Þarna á leiðinni slóst í hóp þeirra Gunnlaugur Gestsson. Allir voru menn þessir ölvaðir og á leiðinni reyndu þeir með sér í „sjómann“ Gunnlaugur og hinir þrír. Þegar þeir voru komnir á móts við veitingastaðinn Þórskaffi sagði ákærði X meðákærða Sigurjóni Hafdal að taka Gunnlaug hálstaki, hann ætlaði að rota hann og ræna. Meðákærði hlýddi strax og tók Gunnlaug hálstaki aftan frá, en ekki er ljóst hvort Gunnlaugur féll við það á hnén eða hvort hann var á hnjánum í „sjómann“ við Inga Þór. Ákærði X sló nú Gunnlaug í andlitið og sparkaði síðan tvisvar í hann en í því sleppti meðákærði Sigurjón Hafdal taki sínu og gekk á brott. Fyrir dómi vildi ákærði X ekki kannast við að hafa slegið Gunnlaug heldur aðeins sparkað í andlit hans. Hjá lögreglu hafði hann borið að hann hefði slegið Gunnlaug og á þann hátt hefur meðákærði borið bæði hjá lögreglu og fyrir dómi. Gunnlaugur og Ingi Þór hafa einnig borið að Gunnlaugur hafi verið sleginn. Á meðan meðákærði Sigurjón Hafdal hafði Gunnlaug í taki fór ákærði X í innri jakkavasa Gunnlaugs og tók þaðan veski hans. Úr því tók hann kr. 2.700,00 sem hann stakk á sig en henti síðan veskinu aftur í Gunnlaug. Ákærðu og Ingi Þór héldu nú á brott en Gunnlaugur lá eftir nokkra stund. Þá komst hann á fætur og gat haft tal af manni sem hringdi á lögregluna. Hún kom stuttu síðar og handtók ákærðu og Inga Þór þar sem þeir voru staddir við Laugaveg 164. Við leit á ákærða X í fangageymslu fundust kr. 2.900,00 í sokkum hans. Ákærði hefur hins vegar borið bæði hjá lögreglu og fyrir dómi að hann hafi aðeins tekið kr. 2.700,00 úr veski Gunnlaugs. Ákærðu eru báðir sammála um að meðákærði hafi ekkert fengið í sinn hlut af fénu.

Gunnlaugur Gestsson leitaði til slysadeildar Borgarspítalans vegna áverkanna er hann hlaut. Segir svo um þá í vottorði Rögnvalds Þorleifssonar lækni: „Gunnlaugur virtist lítið eitt undir áhrifum áfengis. Sárfléiður var hægra megin í enni hans og blæðing í efra augnloki hægra megin og minni háttar blæðing í neðra augnlokinu. Báðar varir voru bólgnar hægra megin og nokkuð fleiðraðar. Hægra megin á hökunnni var rauður blettur, ca. 1½ cm að stærð. Nefið var aumt viðkomu og virtist halla lítið eitt til hægri. Blóðstorka var í báðum nösnum. Hrúflssár voru víða í hársverðinum. Blár marblettur var aftan á hálsi hægra megin. Rispur og fleiður voru víða á báðum handarlimunum. Þreifueymsli voru á mjóhrygg neðarlega.“

Eins og nú hefur verið rakið, þá er það sannað með játningu beggja ákærðu, sem studd er öðrum gögnum málsins, að þeir veittust sameiginlega að Gunnlaugi Gestssyni að morgi þess 31. mars sl., ákærði Sigurjón Hafdal með því að taka hann hálstaki og halda honum þannig á meðan ákærði X sló hann, sparkaði í hann og rændi hann peningaveski hans. Það telst

sannað með framburði ákærða Sigurjóns Hafdals og vitna, svo sem rakið var, að ákærði X hafi slegið Gunnlaug þrátt fyrir neitun hans í dómi. Þá er einnig sannað með játningum ákærðu, svo sem rakið var, að ásetningur þeirra hafi staðið til þess að ræna Gunnlaug áður en þeir veittust að honum en varð ekki til síðar. Ákærði Sigurjón Hafdal hélt því fram fyrir dómi að hann hefði hlýtt ákærða X í blindni, ekki þorað annað. Í munnlegum flutningi málsins hélt verjandi hans því fram að ákærði Sigurjón Hafdal hefði verið alinn upp í ofbeldi og í uppeldinu vaninn á að hlýða skipunum strax en hafa ella verra af. Ekki verður séð að þessi viðbára breyti neinu um hlut ákærða Sigurjóns Hafdals í verknaðinum. Leggja verður til grundvallar þann framburð ákærða X að hann hafi tekið úr veski Gunnlaugs kr. 2.700,00 en ekki kr. 2.900,00 eins og haldið er fram í ákæru, en ekki nýtur við annarra gagna um það hversu há upphæðin var svo að með vissu megi telja. Svo sem nú hefur verið rakið hafa ákærðu með þessu gerst sekir um fullframið ránsbrot er varðar þá refsingu samkvæmt 252. gr. almennra hegningarlaga.

— — —

Þegar refsing ákærða Sigurjóns Hafdals er ákveðin verður annars vegar að hafa í huga að hér er um ungan mann að ræða sem aldrei áður hefur gerst sekur um hegningarlagabrot og að brot það, sem hann hefur nú verið sakfelldur fyrir, var greinilega framið í fljótræði þótt ásetningur hans hafi ótvírætt staðið til þess að fremja það svo sem fyrr er rakið. Hins vegar er á það að líta að hér er um mjög alvarlegt brot að ræða sem lágmarksrefsing er lögð við í lögum. Dómurinn lítur svo á að til að skilorðsbinda refsingu fyrir slíkt brot þurfi að vera fyrir hendi mjög sérstakar ástæður varðandi framningu brotsins eða ákærða sjálfan. Ekki verður séð af gögnunum málsins að slíkar ástæður séu fyrir hendi varðandi ákærða og brotið sjálft var framið á fautalegan hátt án nokkurs tilefnis. Einnig er því alfarið hafnað að sönnur hafi verið færðar á að 5. og 6. tl. 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga eigi við í þessu tilfelli. Það er hins vegar ákærða til málsbóta að hann hefur við alla meðferð málsins gefið skýrar og undanbragðalausar skýrslur í því. Ákærða verður því gerð lágmarksrefsing í málinu, 6 mánaða fangelsi.

Ákærðu verða dæmdir til að greiða allan sakarkostnað sem hér segir. Ákærði X skal einn greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Péturs Þórs Sigurðssonar hdl., kr. 85.000,00, svo og sakarkostnað að fjárhæð kr. 86.878,00. Ákærði Sigurjón Hafdal skal einn greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Egilssonar hdl., kr. 35.000,00. Annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs kr. 85.000,00, skal ákærði X greiða að 2/3 hlutum og ákærði Sigurjón Hafdal að 1/3 hluta.

Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Guðjón Magnússon, fulltrúi ríkissaksóknara.

D ó m s o r ð:

Ákærði X sæti fangelsi í 3 ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhald ákærða frá 2. mars 1988 kl. 22:58 til 30. mars s.á. kl. 17:00 og síðan óslitið frá 31. mars s.á. kl. 18:17.

Ákærði Sigurjón Hafdal Steindórsson sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði X greiði Ingvald Andersen kr. 50.000,00 með almennum vöxtum frá 13/12 1988 til greiðsludags og Sævari Sigurjónssyni kr. 63.570,00.

Ákærði X greiði einn málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Péturs Þórs Sigurðssonar hdl., kr. 85.000,00, svo og sakarkostnað að fjárhæð kr. 86.878,00.

Ákærði Sigurjón Hafdal greiði einn málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Egilssonar hdl., kr. 35.000,00.

Annar sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs kr. 85.000,00, greiði ákærði X að 2/3 hlutum en ákærði Sigurjón Hafdal að 1/3 hluta.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---